

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Hilmar Örn Jónasson, Leifur Guðni Grétarsson, Júlía Þorvaldsdóttir, Viktoría Gísladóttir, Oddur Örnólfsson

Afboða, mæta ekki : Elsa María Guðmundsdóttir og Emil Örn Harðarson,

Fundur 31.03.2022 settur kl. 18.00 .

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. ÍM 50 verður haldið í Laugardalslaug daganna 8 – 10. Apríl. Undirbúningur er á fullu og Leifur Guðni fór yfir það með fundarmönnum.
- b. Farið var yfir stöðu skýrslu frá Leifi Guðna vegna mótamála þar sem listuð eru plön og markmið hvað varðar verklag móta og undirbúninga þeirra.
- c. Farið var yfir ramma af atburðadagatali fyrir næsta sundár sem er í mótun. Samþykkt var að prófa að hafa ÍM50 á næsta ári frá sun-mán helgina fyrir páska.
- d. Fundur hefur verið bókaður með stjórnarfolki Ægis til að ræða framtíð RIG. Framkvæmdastjóri og formaður fara á uppgjörsfund hjá RIG nefndinni þann 1. apríl.
- e. Formaður gerði grein fyrir fundi sem haldin var með framkvæmdastjóra ÍSÍ vegna úthlutana ársins 2022. Einnig hefur verið sent inn formlegt erindi til framkvæmdastjórnar ÍSÍ.
- f. Farið var yfir drög að uppgjöri fyrir árið 2021. Velta er SSÍ var tæpar 105 m.kr fyrir árið 2021 og afgangur af rekstri á bilinu 1-2 m.kr
- g. Samkvæmt niðurstöðum sundþings 2021 þá var breytingum á þjónustugjöldum vísað til stjórnar en þó þannig að stjórn gæti ekki hækkað þjónustugjöld umfram verðlag. Á úttekt þjónustugjalda kom í ljós að þau hafa einungis hækkað um 7% s.l 5 ár á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um 20%. Þá hafa mótagjöld ekkert hækkað frá 2017. Stjórn samþykkti að hækka þjónustu- og mótagjöld í takt við verðbólgu eða um 6,7% Sem tekur strax gildi við rukkun gjalda frá 1.júní 2022.

3. Afreksmál

Mikið að gera framundan hjá okkur í afreksmálum, hátt í 60 verkefnadagar í maí til Ágúst. Fjöldi sundfólks sem mun taka þátt verður á bilinu 50-60 og yfir 20 manna starfslið. Við erum að fara að skrifa út til félaga og fá formlegt leyfi til að nota þjálfarar þeirra í verkefnunum.

- a. Æfingahelgi Framtíðarhóps 30/4 til 1/5 í Reykjanesbæ. Skipulag komið á hreint og unnið í sameiningu með ÍRB. Við reiknum með 30-35 manna hóp af sundfólki og 7-8 þjálfurum. Fyrirlesarar verða Birna Varðardóttir Næringarfræðingur, Hrafnhildur Lúthersdóttir fyrrverandi afrekskona í sundi og Eyleifur Ísak Jóhannesson Yfirmaður landsliðsmála hjá SSÍ.
- b. Æfinga- og Fræðsludagur landsliðshópa 7/5 í Laugardal. Er að skipuleggja tvo fyrirlestra og eina æfingu fyrir þennan hóp. Markmiðið er að fá Gauta Grétarsson sjúkráþjálfari og Braga Sæmundsson sálfræðing til að hafa erindi. Dagurinn endar svo með sameiginlegri æfingu.

- c. Fræðsludagur fyrir yfirþjálfara og stjórnarfólk félaga með Brian Marshall 8/5 frá kl 13:00-16:00. Málefnið snýr að hvernig maður getur bætt umhverfið í félögunum, þar sem árangur og umhverfið helst í hendur. Brian hefur mikla reynslu á þessu sviði og hefur verið að hjálpa félögum í Danmörku og Finnlandi síðustu árin.
- d. Taastrup Open 19-22/5 í Köben er keppnisverkefni fyrir sundfólk úr Framtíðarhóp sem hafa náð tímalágmörkum í 50m laug. Reiknum með um 12-16 einstaklingar vinni sér rétt að taka þátt í verkefninu. Við höfum fengið Bjarney til að vera fararstjóra, Eðvarð Þór yfirþjálfara og Sigurð Daniel sem aðstoðarþjálfara. Ef hópurinn nær 16, þá bætum við einum þjálfara við, Hilmari Smára.
- e. Glasgow International dagana 25-30/5 er keppnisverkefni fyrir landsliðshópana okkar, unglunga-úrvals-afreks. Gott mót sem undirbúningur fyrir alþjóðleg meistaramót sumarsins. Með í för verða Eyleifur, Ingibjörg/Arna, Steindór og Kjell. Einnig mun Ragnar mæta á svæðið og vera með keppnisgreiningu. Áætlaður fjöldi keppenda er 20-25 stk.
- f. Heimsmeistaramótið í 50m braut í Búdapest 14-25/6. Anton og Snæfríður hafa náð lágmörkum. Lokafrestur til að ná lágmörkum er ÍM50, í mesta lagi tveir gætu bæst í hópinn. Eyleifur yfir verkefninu og Hlynur sjúkraþjálfari. Kannski Sergio með okkur.
- g. Evrópumeistaramót Unglinga í Búkarest 3-11/7. Þrjú einstaklingar hafa náð lágmörkum nú þegar (Daði, Eva og Freyja), áætluð fjöldi er 5-7 einstaklingar. Mönnuð að komast á hreint, gæti verið að Steindór verði yfir verkefninu, Karl þjálfari og kvenkyns sjúkraþjálfari. Arna kæmi einnig til greina hér sem fararstjóri, en betra að hún fari á NÆM.
- h. Norðurlandamót Æskunnar í Tallin 7-11/7. Áætlaður fjöldi keppenda er 7-10. Eyleifur yfir verkefninu og tveir þjálfarar fara með (Arna og Gummi).
- i. Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Slóvakíu 24-30/7. Birnir Freyr og Sunna hafa náð lágmörkum, reiknum með tveimur til viðbótar. Klaus fer sem þjálfari á okkar vegum.
- j. EM æfingabúðir í Barcelona 1-8/8. Við ætlum í stuttar æfingabúðir utandyra fyrir lokaundirbúning fyrir EM50 í Róm sem hefst 11/8.
- k. Evrópumeistaramótið í 50m laug í Róm 8-18/8. Áætlaður fjöldi er 6-8 keppendur. Eyleifur yfir verkefninu, Mladen þjálfari og Hlynur sjúkraþjálfari. Kannski Sergio með okkur.
- l. Samþykkt var að greiða þjálfurum sem fara í verkefni erlendis á vegum SSÍ 10 þús krónur á dag í dagpeninga.
- m. Farið var yfir kostnaðarþáttöku keppanda vegna verkefna á vegum SSÍ og hún samþykkt. Skjalið verður sett á vef sambandsins en getur breyst á hverju sundári fyrir sig m.v tekjur SSÍ frá afrekssjóði.
- n. Öll ný met hjá okkur eru komin inn á Swimrankings.

4. Fundargerðir nefnda

Fundargerð dómaranefndar 22.03.2022

Farið var yfir fundargerðina

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
-------	--------------	-------------	-------------	-------------

Engin félagaskipti lágu fyrir fundinum.

6. Staðfesting meta 50 metra laug

Telpnamet

Grein: 50m flugsund <i>Ofangreint met staðfest</i>	Nafn: Ylfa Lind Kristmannsdóttir	Félag: Árman	Tími: 00:29:17	Dags: 19.03.2022	Staður: Hafnarfjör
---	--	------------------------	--------------------------	----------------------------	------------------------------

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
04.03.2022	Útbreiðslustyrkur / áætlaður útbreiðslustyrkur	ÍSÍ
04.03.2022	Ríkisstyrkur	ÍSÍ
07.03.2022	Hugmynd um mótarið	ÍRB
07.03.2022	Ráðstefna um heilahristing	ÍSÍ
08.03.2022	Sýnum aðgát í orðræðu	ÍSÍ
08.03.2022	Comunication to Federation	LEN
08.03.2022	Drög að frumvarpi samskiptaráðgjafa	ÍSÍ
11.03.2022	LEN Comittees- nomination	LEN
11.03.2022	LEN Fedaration news letter	LEN
14.03.2022	Sameiginleg yfirlýsing ráðherra íþróttamála	ÍSÍ
17.03.2022	Erindi vegna WP móts í maí	HSJ
29.03.2022	Bréf Starfskýrsuskil	ÍSÍ
31.03.2022	Ályktun ÍSÍ vegna umræðu um þjóðarleikvanga	ÍSÍ

8. Önnur mál:

a. Áður samþykktar Reglugerðir:

I. Uppfærslur á reglugerðum móta

Reglugerð ÍM50 hefur verið uppfærð í samræmi við ákvarðanir og samþykktir Stjórnar SSÍ á síðastliðnum mánuðum. Þar ber helst að nefna að 400m greinar eru nú syntar bæði í undanrásum og úrslitum og að blönduð boðsund eru tekin út af mótinu. Blönduð boðsund verða þess í stað í boði á SMÍ, Sumarmóti SSÍ.

Þá hefur stjórn SSÍ samþykkt að verða við áskorunum úr hreyfingunni að fella úr gildi ákvæði í 5. grein reglugerðarinnar um að keppendur verði að ná lágmarkatíma greina í undanrásum til að eiga rétt á að synda í úrslitum. Þetta er gert tímabundið til prófunar og biðlar SSÍ þess í stað til keppenda og þjálfara að sýna háttvísi í keppni öllum stundum.

Stjórn SSÍ hefur einnig samþykkt að leyfa þeim sem eiga amk 1 lágmark á mótið að bæta við sig greinum án lágmarka, svo þau syndi að hámarki 3 einstaklingsgreinar. Viðkomandi þarf að eiga gildan tíma í greinum sem bætt er við og ekki verður hægt að nota þetta ákvæði til að skrá í 800m og 1500m skriðsund. Þetta er í grunninn það sem gert hefur verið á AMÍ síðastliðin ár og gefist vel.

Þessar breytingar eiga einnig við reglugerð ÍM25, nema blönduð boðsund haldast þar inni.

II. Reglugerð um félagaskipti

Reglugerð um félagaskipti hefur verið uppfærð þar sem m.a. orðalag er aðlagð betur að tilgangi reglnanna.

III. Reglugerð um íslensk met

Ný metaskrá er í vinnslu sem tekin verður í notkun í sumar. Hún heldur utan um nýju aldursflokkana okkar og nýtum við tækifærið í leiðinni og gerum allsherjar úttekt á metaskránum. Ný metaskrá listar Íslandsmet í opnum flokki karla og kvenna, unglingsflokkametum karla 16-18 ára og kvenna 15-17 ára og aldursflokkametum karla 13-15 ára og kvenna 12-14 ára.

Markmiðið er að koma nýrri skrá á lokað svæði á næstu vikum og gefa þjálfurum aðgang til að koma með athugasemdir um leiðréttingar áður en fullgerð skrá verður birt.

Gamla metaskráin verður uppfærð út þetta tímabil en verður lögð til hliðar eftir það.

- b. FINA, eftir mikið þrýsting frá alþjóðasamfélaginu og meðan annars NSF, hefur staðfest að útiloka þáttöku keppenda frá Rússlandi og Hvíta-Rússlandi á HM50 í Búdapest í sumar.
- c. Endurskoðun er hafin á samningum við starfsmenn og verkaskiptingu starfsfólks SSÍ. Stjórn SSÍ felur formanni og gjaldkera að endurskoða samninga starfsfólks.
- d. Tveir dómara hafa verið samþykktir á EM50 í Róm í ágúst, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir og Björn Valdimarsson
- e. Uppfæra þarf dómaraalista á heimasíðu SSÍ. Formaður dómara nefndar og framkvæmdastjóri sjá um það.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 19.45